

Ed.

545. Frumvarp

til laga um útvarp og birtingu veðurfregna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Útvarpa skal veðurfregnum frá útvarpsstöðinni í Reykjavík að minnsta kosti 4 sinnum á sólarhring — þar af einu sinni að næturlagi — 9 mánuði árs-

ins, frá 1. september til 31. maí. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst skal útvarpa veðurfregnum þrisvar á dag. Fela má þó loftskæptastöðinni í Reykjavík að annast útsendingu veðurfregna að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara.

2. gr.

Á stöðum, þar sem útræði er og þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að hirta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfregnir þær, sem veðurstofan gefur út og útvarpað er frá útvarpsstöðinni eða loftskæptastöðinni í Reykjavík. Þóknun fyrir birtingu veðurskýta greiðist úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði.

3. gr.

Veðurfregnir skulu skrifaðar á þar til gerð eyðublöð, og skal festa þau upp í kassa með glerrúðu, á stað þar sem umferð er mest, eða þar sem líklegt er, að flestir geti haft þeirra not, og skulu þau fest upp í kassann strax eftir að þau voru móttækin.

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veðurfregningarnar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.